

BÓKASAFN
UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

ÞINGGERÐ.

46. ÞINGS U.M.S.K.

1968

ÞINGGERÐ

46. ÞINGS U.M.S.K.

PINGGERÐ

46. þings U. M. S. K.

I. Arsping Ungmennasambands Kjalarneþings það 46. í röðinni var haldið að Garðaholti í Garðahreppi, sunnudaginn 8. des. 1968. Sambandsformaður Gestur Guðmundsson setti þingið með stuttu ávarpi, bauð hann þingfulltrúa og gesti velkomna. Gat hann þess að fjöldituð árskýrsla sambandsins lægi fyrir sem þingfulltrúar gætu kynnt sé.

II. Kosin kjörbréfanefnd, þessir voru kosnir, : Sigurður Geirdal, Þórir Hermaðnsson og Birgir Guðmundsson. Tók nefndin þegar til starfa og skilaði áliti eftir stutta stund.

III. Sigurður Geirdal skýrði frá störfum nefndarinnar, hann gat þess að kjörbréf hefði ekki borizt frá einu félagi, U.M.F. Bessastaðahrepps, en von væri á því síðar á þinginu. Las Sigurður upp nöfn fulltrúa og kynnti þá. Nokkrir fulltrúar voru ekki mættir, en von á þeim síðar. Kjörbréfin voru síðan samþykkt samhljóða. Fulltrúar voru þessir:

Frá U. M. F. Breiðablik:

Gestur Guðmundsson, formaður
Pálmi Gíslason
Sigurður Geirdal
Kristinn Magnússon
Steinar Lúðvíksson
Guðmundur Þórðarson
Magnús Jakobsson
Ingólfur Ingólfsson

Frá U. M. F. Stjarnan:

Ingvi Guðmundsson, formaður
Birgir Guðmundsson
Ævar Þór Hjaltason
Inga Hafsteinsdóttir
Alda Helgadóttir

Frá U. M. F. Afturelding:

Birgir Sigurðsson, formaður
Jón M. Guðmundsson

Gunnar R. Guðmundsson
Guðmundur Jónsson

Frá U. M. F. Bessastaðahrepps:

Klemenz Gunnlaugsson, formaður
Sighvatur Jóhannsson
Sveinbjörn Guðmundsson

Frá U. M. F. Drengur:

Guðmundur Gíslason, formaður
Hreiðar Grímsson
Haraldur Hjartarson
Ólafur Oddsson
Ragna Lindberg

Frá Íþróttafélaginu Grótta:

Garðar Ólafsson, formaður
Stefán Agústsson
Garðar Guðmundsson

Frá U. M. F. Kjalnesinga:

Helgi Haraldsson
Eggert Ólafsson
Helga Haraldsdóttir

Frá stjórnum U. M. S. K., (ekki voru kosnir fulltrúar frá félögum) Jón Leví Tryggvason og Þórir Hermannsson. Fjarverandi voru tveir stjórnarmenn, þeir Sigurður Skarphéðinsson og Hallgrímur Sigurðsson.

VI. Kosnir starfsmenn þingsins:

1. þingforseti: Sigurður Geirdal
2. " Pálmi Gíslason

Þingritrarar: Jón Leví Tryggvason
Eggert Ólafsson

V. Sigurður Geirdal tók þá við fundarstjórn, og tók fyrir næsta mál á dagskrá, kosningu kjörnefndar. Samþykkt var tillaga um eftirtalda menn í nefndina:

Magnús Jakobsson
Ævar Hjaltason
Guðmundur Gíslason
Birgir Sigurðsson
Garðar Guðmundsson
Helga Harðardóttir
Sveinbjörn Guðmundsson

VI. Skýrsla stjórnarinnar: Sambandsformaður Gestur Guðmundsson og framkvæmastjóri sambandsins Pálmi Gíslason fluttu skýrslu stjórnarinnar. Framkvæmdastjóri gerði glögga grein fyrir íþróttstarfsemi sambandsins á árinu. Mikil þátttaka var í Landsmóti U.M.F.Í. Um 70 keppendur voru sendir á mótið, og tóku þeir þátt í mörgum íþróttagreinum. Í frjálsum íþróttum varð sambandið í öðru sæti, en í heildarstigaútreikn. var það í 3. sæti. Fjögur einstaklingsverðlaun voru veitt í frjálsum íþróttum, sem öll komu í hlut U.M.S.K. félaga. Samþandið átti sigur-vegara í 7 greinum. Í körfuknattleikskeppninni var lið sambandsins í öðru sæti, og einnig í handknattleik.

Sambandið átti nokkra unga þátttakendur í sundi, en í þeirri íþróttagrein hefur það ekki átt keppendur í, mörg undanfarin landsmót. Framkvæmdastjóri sá um undirbúning ferðarinnar að miklu leyti, og var einnig aðalfarastjóri. Ferðin tókst mjög vel í alla staði.

Sambandið tók þátt í Bikarkeppni F.R.Í., og varð nr. 3 í þeirri keppni. Þá átti sambandið marga keppendur á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum, og hlaut 3 Íslandsmeistara. Þá tók sambandið þátt í frjálsíþróttamóti, sem fram fór í Húsafellsskógi á vegum Borgfirðinga, og unnu þá keppni bæði í karla-og kvenna-greinum.

Sambandið stóð fyrir héraðsmóti í frjálsíþróttum, sundi og knatt-spyrnu. Kristín Jónsdóttir setti tvö Íslandsmet á árinu, og nokkur sambandsmet voru sett. Þá sá sambandið um Glínumót Sunnlendinga-fjórðungs, og Drengjameistaramót Íslands innanhúss.

Víðavangshlaup skóla í Kjalarneßingi var haldið á vegum sambandsins, með 50 keppendum.

Framkvæmdastjóri gat þess að aldrei hefðu íþróttir verið á eins háu stigi innan U.M.S.K. eins og á síðastliðnu ári, og ætti sambandið nú marga íþróttamenn, sem skipuðu sér í hóp beztu íþróttamanna landsins, og ekki bæri að stanza við, heldur sækja enn fram. Hann tók það

sérstaklega fram að íþróttafólk sambandsins hefði sýnt í hvívetna prúðmannlega framkomu og bindindissemi.

Sambandsformaður ræddi um aðra þætti í starfsemi sambandsins. Sambandsstjórn hélt 15 stjórnarfundi á árinu, auk þess var haldinn fundur með formönnum félaganna og þáttakendum landsmótsins rétt fyrir mótið. Sambandið átti fulltrúa á flestum þingum sérsambanda I. S. I. Tveir fulltrúar mættu á þingi I. S. I. og sambandsformaður sat formannafund U. M. F. I., sem haldinn var í Kópavogi, og sá sambandið um fyrirgreiðslu fundarins.

Formaður gat þess að félagatala sambandsins væri nú samkv. skýrslum sambandsfélaganna 1415 talsins, og hefði þeim fjölgað nokkuð á árinu. Þá skýrði hann frá því að Pálmi Gíslason hafi verið ráðinn framkvæmdastjóri sambandsins s.l. vor, og starfaði hann í fjóra mánuði. Hann taldi það hafa verið mikið happ fyrir sambandið, að hafa fengið svo kunnugan mann í starfið, og lofaði hann fyrir mikið og gott starf.

Formaður vék síðan að útgáfu félagsblaðs, sem út kom á árinu, að forgöngu framkv. stjórans, sem jafnframt var ritstjóri þess.

Þessi blaðaútgáfa var góð tekjulind fyrir sambandið, eða um 70.000,00 kr.

Síðan vék formaður nokkuð að íþróttaaðstöðu á hérðassvæðinu, sem hann taldi mjög ófullnægjandi, en endurbætur hafa farið fram á nokkrum stöðum í sumar, og bæti það aðstöðuna nokkuð næsta sumar. Vallarmálin taldi hann stórmál innan héraðsins og þýðingarmikið; að þau kæmust í viðunandi horf, sem fyrst. Þá ræddi hann um Bridgemót sambandsins, sem haldið var í Hlégarði, og Breiðablik vann.

Þá gat hann um hérðasdómara sambandsins sem réttindi fengu á árinu, bæði í frjálsíþróttum og knattspyrnu. Þá ræddi hann um skákeppni sem sambandið sá um vegna U. M. F. I., og þáttöku skákmanna á Landsmótinu, þar sem þeir urðu sigurvegarar.

Þá gat formaður þess, að sambandið hafi farið fram á fjárveitingu frá sveitasjóðum í héraðinu, og hefðu undirktir verið góðar, og flest sveitafélögin hefðu orðið við þeim tilmælum, og vonandi yrði framhald á því.

Að síðustu gat formaður þess, að hann myndi ekki gefa kost á sér áfram í stjórn sambandsins, og taldi rétt að yngri maður tæki sitt sæti þar. Hann þakkaði samstarfsmönnum sínum í stjórninni undanfarin ár gott samstarf.

VII. Reikingar sambandsins. Í fjarveru gjaldkera sambandsins Sigurðar Skarphéðinssonar las sambandsformaður upp reikningana.

Tekjur á árinu	Kr. 418.150,64
Gjöld	" 370.792,89
Tekjuafgangur	" 47.357,75
Skuldir	" 79.099,25
Skuldlaus eign	" 10.486,15

Um skýrslu stjórnar og reikninga urðu litlar umræður. Sigurður Geirdal ræddu nokkuð um frekari fjároflunarleiðir og Ingvi Guðmundsson tók í sama streng.

Valdimar Oskarsson gjaldkeri U.M.F.I. , sem mætti á þinginu, tók til málš. Færði hann kveðjur frá U.M.F.I. og árnaðaróskirtil sambandsins. Valdimar ræddi síðan um hlutverk og þróun ungmannafélags-skaparins í landinu, mikilvægi þess að efla þann félagsskap í landinu eftir því sem föng væru á.

Hann ræddi nokkuð um næsta Landsmót U.M.F.I. sem haldið verður á Sauðárkróki 1972 á vegum Ungmennasambands Skagafjarðar, og væri undirbúningur hafinn þar nú þegar. Þá kom ræðumaður inná skrifstofuhald U.M.F.I. , ársskýrslur frá félögnum og fleiri félagsleg atriði. Þegar Valdimar hafði lokið máli sínu, gaf þingforseti matarhlé, og bað kjörnefnd að starfa í hléinu.

Að borðhaldi loknu hófst fundur að nýju, og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

VIII. Allit kjörnefndar: Magnús Jakobsson lagði fram tillögur nefndarinnar um kosningu manna í þingnefndir, sem voru fjórar.

Allsherjarnefnd:

Gestur Guðmundsson
Alda Helgadóttir
Garðar Ólafsson
Klemenz Gunnlaugsson
Helga Haraldsdóttir
Haraldur Hjartarson
Birgir Sigurðsson
Guðmundur Þórðarson

Fjárhagsnefnd:

Jón M. Guðmundsson
Ævar Hjaltason
Stefán Agústsson
Sveinbjörn Guðmundsson
Jón L. Tryggvason
Hreiðar Grímsson
Ingólfur Ingólfsson

Félagsmálanefnd:

Guðmundur Gíslason
Inga Hafsteinsdóttir
Sighvatur Jóhannsson
Helgi Haraldsson
Gunnar Magnússon
Steinar Lúðvíksson
Olafur Oddsson
Kristinn Magnússon

Iþróttanefnd:

Sigurður Geirdal
Ingvi Guðmundsson
Garðar Guðmundsson
Eggert Olafsson
Ragna Lindberg
Guðmundur Jónsson
Pálmi Gíslason
Magnús Jakobsson

IX. Iþróttamál: Magnús Jakobsson hafði framsögu um íþróttamálin, ræddi þau á víð og dreif, hann lagði fram ýmsar ábendingar þeim til framdráttar, og hvatti félögin til að byggja upp íþróttastarfsemina. Magnús sagði að íþróttastarfsemin á árinu hefði tekist vel, og vænti þess, að framhald yrði á þeirri sókn, sem þegar væri vakin, og hvatti til samstarfs í þeim efnunum.

Er Magnús hafði lokið máli sínu, gengu í salinn, Gísli Halldórs-son forseti I.S.I., Hermann Guðmundsson framkv. stjóri I.S.I. og Sveinn Björnsson stjórnarmaður I.S.I. Sambandsformaður bauð hina

góðu gesti velkomna á þingið. Um íþróttamálin urðu nokkrar umræður. Steinar Lúðvíksson ræddi um sundið, taldi hann rétt að skipuleggja sundmót á vegum sambandsins, tilgreina vissar sundgreinar sem keppa á í og fleira. Gerði hann nokkrar fyrirspurnir um bikar þann sem keppt hefur verið um síðustu tvö árin ásamt fleiru, sem sambandsform. svaraði.

X. Fréttir frá sambandsfélögum:

Fyrir hönd félaganna töluðu þessir:

Frá U. M. F. Breiðablik	Gestur Guðmundsson
" " Drengur	Guðmundur Gíslason
" " Stjarnan	Ingvi Guðmundsson
" " Kjalnesinga	Eggert Olafsson
" " Afturelding	Birgir Sigurðsson
" " Bessastaðahr.	Klemenz Gunnlaugsson
" Íþróttafél. Grótta	Garðar Ólafsson

Gísli Halldórsson tók til máls. Gerði hann íþróttamálin að umtalsefni, ræddi nokkra þætti þeirra sérstaklega, t.d. íþróttahátíð I.S.I. sem halda á árið 1970, í tilefni 50 ára afmælis Íþróttasambands Íslands. Taldi hann mjög mikilvægt að gera hana sem veglegasta, og yrðu allir aðilar að koma þar til, sem hlut eiga að máli. Þá ræddi Gísli um íþróttamiðstöðina að Laugarvatni, sem nú væri tilbúin til notkunar, og yrðu haldin þar námskeið næsta sumar, og hvatti íþróttafólk til þátttöku í þeim.

Ræðumaður kom inná ýmsa aðra íþróttastarfsemi í landinu. Gísli Halldórsson þakkaði ungmennasambandinu gott íþróttastarf á árinu, og bar fram kveðjur og árnaðaróskir frá Íþróttasambandi Íslands.

Þingforseti þakkaði góðar óskir til sambandsins.

XI. Málum vísað til nefnda :

Sambandsstjórn lagði fram nokkrar tillögur sem Gestur Guðmundsson sambandsform.. kynnti, og óskaði eftir að þeim væri vísað til viðkomandi þingnefnda.

- a. Um keppni við önnur ungmennasambönd .
- b. Um skólamót.
- c. Um innanhússkeppni í knattspyrnu.

- d. Um bridge-mót.
- e. Um ráðningu framkvæmdastjóra.
- f. Þakkir til styrkveitenda sambandsins.
- g. Um verðlaun íþróttamanna o.fl.
- h. Um árshátíð sambandsins.
- í. Um styrkbeiðni til sveitafélaga o.fl.
- k. Um breytta hætti verðlaunaveitinga.

Þingforseti vísaði þessum tillögum til nefnda þingsins . Tillaga kom fram frá þeim, Pálma Gíslasyni og Magnúsi Jakobssyni, um að veita sambandsstjórn umboð til að kjósa fulltrúa á þing sérsambanda o.fl. sem vísað var til félagsmálanefndar. Síðan gaf forseti kaffihlé, en að því loknu bað hann þingnefndir að starfa.

XII. Álit nefnda:

Eftir að nefndir höfðu lokið störfum voru teknar fyrir tillögur þær, sem nefndirnar lögðu fram.

1. Tillögur frá fjárhagsnefnd:

Framsögunaður var Jón M. Guðmundsson, las hann upp tillögurnar og skýrði þær með nokkrum orðum.

- a. Tillaga um nefnd vegna verðlaunaveitinga, o.s.frv. Þingskj.I
- b. Tillaga um fjárstuðning frá sýslu- og sveitafél. Þingskj. II.
- c. Tillaga um fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Þingskj. III.

Um tillögur fjárhagsnefndar voru litlar umræður. Pálmi Gíslason gerði athugasemd um framlag til landsmótasjóðs. Síðan voru tillögurnar bornar upp, samþ. samhlj.

2. Tillögur frá félagsmálanefnd:

Framsögunaður Guðmundur Gíslason. Tillögurnar voru þessar:

- a. Um árshátíð sambandsins. Þingskj. IV.
- b. Um bridgemót. Þingskj. V.
- c. Um kosningu fulltrúa á sérþing I.S.I. Þingskj. VI.

Um tillögur a. og b. voru engar umræður og samþ. samhlj., en um tillögu c. voru nokkrar umræður. Fyrstur tók til máls Ingvi Guðmundsson, taldi hann ekki rétt að veita sambandsstjórn heimild til að kjósa fulltrúa á þessi þing, og lagði fram svohljóðandi tillögu:

Ég undirritaður geri það að tillögu minni, að kjörnefnd geri tillögur um fulltrúa á þing I.S.I. eins og áður og tillögu Pálma Gíslasonar og Magnúsar Jakobssonar verði vísað frá.

Gestur Guðmundsson tók næstur til máls, hann sagði að reynslan hefði sýnt það undanfarin ár, að kosning fulltrúa á þessi þing, sem fram hefði farið á héraðsþingum, væri meira og minna út í hött, og þurft hefði mjög miklar breytingar að gera í þeim efnunum. Sumir kosnir fulltrúar væru ekki kjörgengir fyrir sambandið vegna þess meðal annars, að þeir hafi ekki verið félagsmenn, þar sem þeir hafi í mörgum tilfellum keppt fyrir önnur félög, á sama tíma og þeir hafi átt að sitja þessi þing fyrir U.M.S.K. Gestur taldi það mjög áríðandi, að fulltrúar sem kosnir væru á þessi þing væru starfandi í sambandinu og vel kunnugir málefnum þess. Með því móti að sambandsstjórn kysi þessa fulltrúa, væri þessu atriði fullnægt, bæri því að samþykkja tillögu félagsmálanefndar. Í sama streng tóku þeir Pálmi Gíslason og Sigurður Geirdal. Frávísunartillagan var síðan borin undir atkvæði, og var hún felld með 11 atkv. gegn 6, en tillaga nefndarinnar samp.

Tillögur frá allsherjarnefnd:

Framsögumaður, Gestur Guðmundsson. Lagði nefndin fram eftirfarandi tillögur:

- a. Um þakkir til sýslu- og sveitastjórnna. Þingskj. VII.
- b. Um verðlaun fyrir íþróttar- og félagsmálastörf. Þingskj. VIII.
- c. Um mótmæli vegna reglugerðar U.M.F.I., um skákreglur. Þingskj. IX.
- d. Um ráðningu framkvæmdastjóra. Þingskj. X.

Engar umræður voru um þessar tillögur, og þær síðan samp. samhlj.

Frá íþróttanefnd:

Framsögumaður Pálmi Gísalson. Þessar tillögur lagði nefndin fram:

- a. Staðfest hérðasmet í sundi. Þingskj. XI.
- b. Um íþróttabjálfara. Þingskj. XII.
- c. Um sundmót og reglur fyrir þau. Þingskj. XIII.
- d. Um meistaramót U.M.S.K. innanhúss. Þingskj. XIV.
- e. Um körfuknattleiksmót. Þingskj. XV.

- f. Um glímukeppni yngri flokka. Þingskj. XVI.
- g. Um dómaranámskeið. Þingskj. XVII.
- h. Um íþróttakeppni við önnur sambönd. Þingskj. XVIII.
- í. Um skólamót. Þingskj. XIX.
- k. Um innanhússkeppni í knattspyrnu. Þingskj. XX.
- l. Um að styrkja knattspyrnumót. Þingskj. XXI.

Tillögurnar samþykktar án umræðna.

Tillaga kom fram frá Steinari Lúðvíkssyni svohljóðandi:

46. þing U.M.S.K., beinir því til stjórnar sambandsins, að hún geri skrá yfir móti ársins svo fljótt sem auðið er. Feli síðan ákveðnum aðila að sjá um mótin, og sendi síðan út til félaganna skrá þar um.

Tillagan var samþykkt samhljóða. Þingskj. XXII.

XIII. Kosningar:

Gestur Guðmundsson bar fram tillögur uppstillingarnefndar, sem skipuð var af sambandsstjórn nokkru fyrir þingið. Gerði nefndin uppástungur um stjórn sambandsins. Aðrar tillögur komu ekki fram.

Stjórn sambandsins er þannig skipuð:

Formaður:	Ingólfur Ingólfsson
Varaformaður:	Þórir Hermannsson
Meðstjórnendur:	Stefán Agústsson
	Sigurður Skarphéðinsson
	Jón Leví Tryggvason
	Ævar Hjaltason
	Sveinbjörn Guðmundsson
Varamenn:	Pálmi Gíslason
	Sighvatur Jóhannsson
	Birgir Sigurðsson
	Garðar Olafsson
	Guðmundur Gíslason
	Birgir Guðmundsson
	Eggert Ólafsson
Endurskoðendur:	Olafur Ag. Ólafsson
	Lárus Halldórsson

Varamenn: Guðjón Hjartarson
Jón Olafsson

Íþróttadómstóll: Gísli Andrésson

XIV. Önnur mál:

Pálmi Gíslason formaður verðlaunaneftnar, afhenti verðlaun fyrir íþróttir og félagsmálastörf. Kristín Jónsdóttir var kosin íþróttamaður ársins, og henni var afhentur bikar fyrir, og var henni vel fagnað. Viðurkenning fyrir félagsmálastörf hlaut Gestur Guðmundsson, og var honum afhentur bikar fyrir þau störf.

Þá afhenti Pálmi einnig bikara fyrir flest stig í starfsíþróttum á síðasta Landsmóti, samkv. samb. ársþingsins 1967, U.M.F. Stjarnan hlaut þessi verðlaun. Þá afhenti hann farandbikar sambandsins í sundi, sem kom í hlut Aftureldingar.

Að síðustu afhenti Pálmi verðlaunabikara fyrir beztu afrek á frjálsíþróttamóti sambandsins, þau verðlaun hlutu, Kristín Jónsdóttir og Karl Stefánsson.

Nýkjörinn formaður Ingólfur Ingólfsson, tók til máls, þakkaði hann það traust sem sér væri sýnt með því að kjósa sig formann sambandsins. Ræddi síðan um framtíðarhorfur í málefnum sambandsins.

Gestur Guðmundsson kvaddi sér hljóðs. Óskaði hann hinum nýkjörna formanni og stjórn hans allra heilla í starfi. Hann lagði áherzlu á það, að allir félagsmenn sambandsins legðu sig mjög fram í því að gera hlut þess sem beztan, kvað hann, að þá þyrfti ekki að kvíða framtíðinni í þeim efnum. Síðan þakkaði hann öllum sambandsaðilum gott samstarf á liðnum árum. Þingfulltrúum þakkaði hann gott starf á þinginu, og óskaði sambandinu heilla í starfi.

Ingvi Guðmundsson þakkaði þingfulltrúum komuna, og óskaði þeim góðrar heimferðar, en þingið var haldið í boði U.M.F. Stjörnunnar í Garðahreppi.

XV. Pingslit:

Sigurður Geirdal þingforseti þakkaði fulltrúum komuna á þingið og góða þáttöku þeirra í þingstörfum. Hann lagði til að sambandsstjórn væri falin frágangur fundargerðar. Forseti óskaði síðan öllum góðrar heimferðar, og sleit síðan 46. ársþingi U.M.S.K.

P I N G S K J Ö L

I. Sambandsþing U.M.S.K. samp. að stjórnin skipi þriggja manna nefnd, er athugi möguleika um breytta hætti verðlaunaveitinga á íþróttamótum sambandsins, og leggi tillögur sínar fyrir sambandsstjórn fyrir 1. maí 1969.

II. Sambandið sæki um fjárfamlög til eftirtaldra aðila.

Sýslusj. Kjósarsýslu	Kr. 50.000,00
" Gullbringusýslu	" 35.000,00
Bæjarsj. Kópavogskaupst....	" 20.000,00
Bessastaðahr.	" 5.000,00
Seltjarnarneshr.	" 10.000,00
Mosfellshr.	" 10.000,00
Kjalarneshr.	" 5.000,00
Kjósarhr.	" 10.000,00
Garðahr.	" 10.000,00
<hr/>	
Samt.	Kr. 155.000,00
<hr/>	

III. Fjárhagsáætlum árið 1969.

Tekjur:

Skattar og iðgjöld	Kr. 15.000,00
Styrkur frá sýslusjóðum	" 85.000,00
" " sveitafélögum	" 70.000,00
Skattur frá félögum	" 15.000,00
Útbreiðslustyrkur I.S.I.	" 7.000,00
Fjároflunartekjur	" 20.000,00
<hr/>	
	Kr. 212.000,00

Gjöld:

Skattar og iðgjöld	Kr. 15.000,00
Stjórnarkostnaður	" 138.000,00
Íþróttakostnaður	" 35.000,00
Annar kostnaður	" 24.000,00
<hr/>	
	Kr. 212.000,00

IV. Sambandsþing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að athuga möguleika á því að halda árshátið, og hafi um það samstarf við sambandsfélögin.

V. Sambandsþing U.M.S.K. felur stjórninni að standa fyrir bridgemóti, og vinna að því að fá sem flest sambandsfélög til þáttöku í mótinu. Þá geri hún athugun á því að koma á keppni við önnur sambönd.

VI. Sambandsþing U.M.S.K. samp. að veita stjórninni heimild til að velja menn á sérþing I.S.I. og þing U.M.F.I.

VII. Sambandsþing U.M.S.K. 1968, sendir beztu kveðjur og þakkir til eftirtaldra aðila, sem styrkt hafa sambandið fjárhagslega á þessu ári. Sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu, bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, sveitastjórn Seltjarnarneshrepps, sveitastj. Mosfellshrepps, sveitastj. Kjalarneshrepps, sveitastj. Kjósarhrepps og Búnaðarsambandi Kjalarnesþings.

VIII. Sambandsþing U.M.S.K. telur rétt að veita verðlaun þeim íþróttamanni sem bezta afrek hefur unnið á árinu, og einnig fyrir félagsmálastörf, eins og undanfarin ár. Stjórnin kjósi þriggja manna nefnd fyrir næsta héraðsþing, sem tilnefni menn sem verðlaun eiga að hljóta.

IX. 46. ársþing U.M.S.K. mótmælir 3. gr. reglugerðar um skák-mót U.M.F.I. og fer fram á, að hvert samband fái að senda sína sterkustu sveit, eins og tíðkast í öðrum keppnisgreinum.

X. 46. sambandsþing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að ráða framkvæmdastjóra fyrir sambandið á næsta ári. Æskilegt er að athugun fari fram á því, hvort grundvöllur eru fyrir samstarfi við stofnanir í héraðinu, t.d. skólana, um að ráðinn verði maður í þetta starf allt árið sem gæti tekið að sér kennslu á veturna, eða annað starf sem heppilegt væri, jafnframt framkvæmdastjórastarfi sambandsins, sem yrði hans aðalstarf yfir sumarmánuðina, en að vetrinum mun minna. Kostnaður vegna þessa beri sveitasjóðir að mestu leyti.

XI. 46. þing U.M.S.K. samp. að staðfest verði met sambandsins í sundi, og verði farið eftir lögum sundsambandsins, og taki bæði til 16 2/3 m. og 25 m lauga.

XII. 46. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að kanna möguleika á því að aðstoða félögin á sambandssvæðinu, við að útvega þeim

þjálfara og skipuleggja starf hans.

XIII. 46. þing U.M.S.K. samp. að sundmót sambandsins verði haldið á tímabilinu 15. apríl til 15. maí ár hvert. Reiknuð verði stig af sex fyrstu mönnum hverrar keppnisgreinar. Sundgreinar skulu vera þessar:

12 ára og yngri.

<u>Drengir</u>	<u>Stúlkur</u>
50 m bringusund	50 m bringusund
" skriðsund	" skriðsund
	4x50 m br.s. stúlkna
	" skriðs. drengja.

13 - 14 ára.

100 m skriðs	50 m skirðs.
" br.s.	100 m br.s.
50 m baks.	50 m baks.
	4x50 m br.s. stúlkna
	" skriðs. drengja

15 ára og eldri.

100 m skriðs.	100 m skriðs.
200 m br.s.	" br.s.
100 m baks.	" baks.
	4x50 m br.s. stúlkna
	" skriðs. drengja

XIV. 46. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að koma á árlegu meistaramóti U.M.S.K. í frjálsípróttum innanhúss.

XV. 46. þing U.M.S.K. beinir því til sambandsstjórnar að hún kanni möguleika á því að halda móti í körfuknattleik næsta sumar.

XVI. 46. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að kanna möguleika á glímukeppni í yngri flokkunum innan sambands og utan.

XVII. 46. þing U.M.S.K. hvetur stjórn sambandsins til þess að halda reglulega dómaranámskeið í knattspyrnu á sambandssvæðinu annaðhvort ár í samráði við félögin.

XVIII. Sambandsþing U.M.S.K. telur sjálfsgagt að halda áfram keppni við önnur sambönd í frjálsíþróttum og jafnvel í fleiri íþróttagreinum, ef fært þykir. Þingið felur stjórn sambandsins að vinna að því að svo geti orðið næsta sumar.

XIX. Sambandsþing U.M.S.K. samp. að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið, að standa fyrir keppni á milli barna-og gagnfræðaskóla í héraðinu, t.d. í víðavangshlaupi. Einnig felur þingið sambandsstjórn að athuga möguleika á því að koma á keppni í einhverjum greinum innanhúss í veturn.

XX. Sambandsþing samp. að fela sambandsstjórn að athuga möguleika á því að koma á innanhússkeppni í knattspyrnu í 3., 4. og 5. fl. í veturn.

XXI. 46. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að efla og styrkja knattspyrnumót, sem eru í gangi meðal yngri flokkanna.

XXII. Þing U.M.S.K. beinir því til stjórnar sambandsins að hún geri skrá yfir móti ársins svo fljótt sem auðið er, feli síðan ákveðnum aðila að sjá um mótin og sendi síðan út til félaganna skrá þar um.

BÓKASAFN
UNGMENTNAFÉLAGS ÍSLANDS